

ÁRSSKÝRSLA ANDABÆJAR 2021-2022



Leikur – Gleði - Vinátta

ÁRSSKÝRSLA ANDABÆJAR 2021-2022

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	1
INNGANGUR	2
HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR	3
STJÓRNENDUR/LEIÐTOGATEYMI	3
NEFNDIR OG RÁÐ	4
BARNAFJÖLDI	4
FJÖLMENNING	5
STARFSMENN	5
HÚSNÆÐI OG VIÐHALD	6
ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFINU Í VETUR	6
GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR OG NÁMSSVIÐ LEIKSKÓLA	6
LÆSI OG SAMSKIPTI	6
HEILBRIGÐI OG VELFERÐ	8
SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI	9
SKÖPUN OG MENNING	10
INNRA STARF	11
STARFSÁÆTLUN	11
SKÝRSLA SÉRKENNSLUSTJÓRA	12
SÉRKENNSLA Í ANDABÆ VETURINN 2020-2021	12
HULDUHEIMAR	13
ÁLFHEIMAR	16
GOÐHEIMAR	19
NÁMSMAT	21
MAT Á STARFSEMI	22
SAMSTARF LEIKSKÓLA, GRUNNSKÓLA OG LBHÍ	24
VIÐBURÐIR, HÁTÍÐIR OG HEFÐIR	24
LÝÐRÆÐI/ MANNRÉTTINDI OG JAFNRÉTTI	27
FORELDRASAMSTARF	28
ÞRÓUNARSTARF	30
STARFSÞRÓUN	31
VETTvangsnemar í andabæ frá hÍ og ha	32
ÖRYGGISMÁL	32
LOKAORÐ	33
SKÓLADAGATAL	35
STARFSÁÆTLUN SKÓLAÁRSINS 2021-2022	36

Inngangur

Samkvæmt 14 gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 ber hverjum leikskóla að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá og felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskólans þar sem markmið eru sett og skilgreindar leiðir að þeim markmiðum. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu skólans og skólastefnu Borgarbyggðar. Starfsáætlun er gefin út árlega og gerir grein fyrir starfsemi leikskóla hvert skólaár.

Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi leikskólans, svo sem skóladagatali og öðru því sem varðar starfsemi hans. Skólanámskrá og starfsáætlun skulu staðfestar af fræðslunefnd skv. 2. mgr. 4. gr., að fenginni umsögn foreldraráðs, og skulu þær kynntar foreldrum. Ársskýrsla þessi er unnin útfra starfsáætlun Andabæjar og er skipulag starfsemi Andabæjar tímabilið 1. september 2021 til 30. júní 2022.



Hagnýtar upplýsingar



Leikskólinn Andabær, Hvanneyri
Arnarflöt 2

311 Borgarnes

Símanúmer skólans: 433 7170

Netfang skólans: andabaer@borgarbyggd.is

Heimasíða skólans: <http://www.andabaer.leikskolinn.is>

Leikskólastjóri: Ástríður Guðmundsdóttir

Netfang: asta@borgarbyggd.is

Aðstoðarleikskólastjóri: Áslaug Ella Gísladóttir

Netfang: aslaug@borgarbyggd.is

Símanúmer deilda: Goðheimar 4337172, Álfheimar 4337173 og Hulduheimar
4337174 Eldhús 4337175

Leikskólinn Andabær á Hvanneyri í Borgarbyggð er þriggja deilda leikskóli og heita deildarnar Goðheimar, Álfheimar og Hulduheimar. Leikskólinn var upphaflega stofnaður af foreldrum um 1982-1983 og var þá staðsettur í kjallara Bændaskólans á Hvanneyri. Síðar flutti hann í húsnæði Andakílsskóla en 1991 flutti starfsemin í eigið húsnæði og sveitafélagið tók við rekstri skólans. Vaxandi íbúafjöldi kallaði á stærri leikskóla og 2009 var flutt í stóran og glæsilegan skóla sem rúmar um 64 börn. Skólinn er vel staðsettur í umhverfi kletta og fallegrar náttúru sem býður upp á skemmtilega upplifun og reynslu sem nýtt er í námi barnanna. Veturinn 2020-2021 er sambærilegur fjöldi nemenda og síðasta skólaár eða 45-50 börn skráð í skólann. Borgarbyggð er rekstaraðili leikskólans og málefni hans falla undir fræðslunefnd Borgarbyggðar.

Stjórnendur/leiðtogateymi

Leiðtogateymi skólans: Ástríður Guðmundsdóttir er skólastjóri og Áslaug Ella Gísladóttir er aðstoðarskólastjóri. Aðalheiður Kristjánsdóttir er deildarstjóri á Álfheimum, Erla Rún Rúnarsdóttir er deildarstjóri á Hulduheimum og Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir er deildarstjóri á Goðheimum. Sérkennslustjóri er Kolbrún Tara Arnarsdóttir.

ÁRSSKÝRSLA ANDABÆJAR 2021-2022

Nefndir og ráð

Umhverfisnefnd starfar við skólann og skipuleggur og stýrir verkefninu. Nefndin á að starfa samkvæmt lýðræðislegum leikreglum og nemendur eiga að hafa þar mikið vægi. Í umhverfisnefnd Andabæjar eru: Helen Ósk Gísladóttir verkefnisstjóri Grænfánans og fulltrúi Álfheima, Sif fulltrúi Hulduheima, Sigurbjörg Þórunn fulltrúi Goðheima, Áslaug aðstoðarskólustjóri, Halldóra fulltrúi eldhúss og ræstingar, Svanhvít Jóhanna Jóhannsdóttir er fulltrúi foreldra og Ástríður skólustjóri.

Ljósberateymi skólans stýrir leiðtogaverkefninu og í því eru deildarstjórar, sérkennslustjóri, aðstoðarskólustjóri og skólustjóri. Ýmsir þættir verkefnisins eru yfirleitt á dagskrá allra deildarstjórafundum sem og oft á tíðum starfsmannafundum.

Stjórnendateymi/leiðtogateymi skólans fundar einu sinni í viku, í því teymi eru skólustjóri, aðstoðarskólustjóri, deildarstjórar og sérkennslustjóri.

Lausnateymi fundar einusinni til tvisvar í mánuði og í því sitja skólustjóri, aðstoðarskólustjóri og sérkennslustjóri þeir fara yfir mál einstakra barna og önnur tilfallandi mál sem geta komið upp.

Barnafjöldi

Í desember 2021 voru 45 börn skráð í leikskólann. Í töflunni hér að neðan er hægt að sjá fjölda nemenda í árgöngum og dvalartíma í desember.

Samt. fjöldi nemenda, eftir árgöngum og dvalarstundafjölda:				
Árgangur barna	Fjöldi dvalarstunda			Samt. börn:
	4,0-4,5	5,0-6,5	7,0-10,0	
Elsti árgangur	0	0	8	8
Annar árgangur	0	0	13	13
Þriðji árgangur	0	0	9	9
Fjórdi árgangur	0	0	8	8
Fimmti árgangur	0	1	6	7
Sjötti árgangur	0	0	0	0
Samtals börn:	0	1	44	45

Boðið er uppá vistun frá því að fæðingarorlofi lýkur. Þetta hefur gefist mjög vel og er mikil sátt um þetta fyrirkomulag bæði af hálfu starfsfólki skólans og einnig foreldrum. Þar af leiðandi erum við að aðlaga börn allt árið og veldur það töluverðu álagi á starf yngstu deildarinnar. Í samfélagi eins og á Hvanneyri eru

miklar breytingar í barnahópnum allt árið um kring. Fjöldinn fór upp í **49 börn** á skólaárinu þegar mest var.

Fjölmennning

Til að þeir foreldrar sem ekki tala Íslensku geti gætt hagsmuna barna sinna og að gagnkvæm upplýsingaráðgjöf milli foreldra og skóla eigi sér stað er boðið upp á túlkþjónustu. Höfum við í Andabæ notast við símatúlk og gefist vel. Við skólann er eitt barn sem er tvítyngt, og hefur það barn fengið aukinn stuðning við málnotkun sína innan deildar. Boðið hefur verið upp á símatúlk fyrir foreldra ef þurfa þykir t.d. í foreldraviðtölum en í ár höfum við ekki nýtt hann þar sem foreldrar töldu sig ekki þurfa þá þjónustu.

Starfsmenn

Starfsmannahald skólans var með fjölbreyttu móti á skólaárinu og töluvert var um mannabreytingar. Þrír starfsmenn eru á Hulduheimum þar af einn mastersnemi í leikskólakennarafræðum, sem er jafnframt deildarstóri, hún útskrifaðist sem leikskólakennari í júní. Fjórir starfsmenn eru á Álfheimum þar af einn leikskólakennari sem sinnir deildastjórastöðu. Á Goðheimum eru þrír starfsmenn þar af tveir leikskólakennarar og einn af þeim deildastjóri. Einn starfmaður er í eldhúsi í 100% stöðu. Sérkennslustjóri er við skólann í 75% starfi. 100% veikindaafleysing er við skólann, afleysing fyrir undirbúning er 80%. Aðstoðarskólastjóri er í 85% þar af er 15% í stjórnun og 20% sem leiðbeinandi mastersnema. Skólastjóri er í 100% starfi. 17 starfsmenn eru við skólann (14, 96 stöðuhlutfall) þrír af þeim útskrifuðust sem leikskólaliðar á árinu.

Við tókum á móti 7 ungmennum frá vinnuskólanum í sumar frá 8.júní -1.júlí þessi ungmenni sýndu mikinn metnað og dugnað í vinnu. Allt starfsfólk skólans var mjög ánæggt með unglíngana.

Húsnæði og viðhald

Sumarið 2021 var hringekja fjarlægð af lóðinni því hún var orðin ónýtt. Ekkert tæki er komið í staðinn. Lagðar voru tartan hellur í kringum klifurgrind, en þær ekki festar og eru því farnar að losna.

Í sumarlokuninni var fataherbergi skólans máluð sem og yngstadeildin. Settar voru plötur á veggina á yngstu deildin líkt og gert hefur á öðrum deildum skólans síðustu ár.



För og göt eru komin í gólf dúkinn í öllu húsinu og hann farin að láta verulega á sjá. Í júní 2022 komu smiðir og kíktu undir hann og kom þá í ljós að gólfið undir er í lagi en mögulega er dúkurinn gallaður.

Ekki er búið að ákveða hvaða framkvæmdir verða gerðar í kjölfarið.

Áherslur í skólastarfinu í vetur

Grunnþættir menntunar og námssvið leikskóla

Grunnþættirnir fléttast inn í allt skólastarfið ásamt námssviðunum og eru sameiginlegir þættir allra starfsmanna við menntun, uppeldi og umönnun barna í leikskólanum hvort sem um er að ræða samverustund, matmálfími eða útvera.



Læsi og samskipti


Í Lestrarstefnu leik- og grunnskóla Borgarbyggðar

2017-2021 stendur að **“Lestrarstefna er sett af sveitarfélaginu til að halda utan um heildarsýn um framkvæmd og þróun kennslu á sviði máls og lesturs í leik- og grunnskólum.”**

Í Andabæ nýtum við **nærveru hvers annars** og samvinnu til þess að styrkja þekkingu, leikni, upplifun, tilfinningar, skoðanir okkar og hæfni til að lesa í umhverfi. Við gerum tilraunir með **tölur, stafi, upplýsingatækni, lestur og eigin líkama**. Við leggjum áherslu á að börnin læri að setja sjálfum sér mörk og virða þau mörk sem aðrir setja. Þau upplifa þýðingu sína og mikilvægi í samskiptum

ÁRSSKÝRSLA ANDABÆJAR 2021-2022

og á milli þeirra skapast traust. Vinna að þessu tagi eykur **sjálfstraust, sjálfsaga og samkennd**. Við notum sjö venjur til árangurs til að efla leiðtogatungumálið og jákvæð samskipti í daglegu starfi. Börn nota mismunandi leiðir til þess að tjá sig til samskipta við annað fólk, leikurinn er öflugt tæki til þess að æfa sig. Með þjálfun og æfingu verður til færni til mismunandi tjáskipta í gegnum tungumálið og möguleikum sem það býður uppá í samskiptum. Með aukinni færni í tjáskiptum kemur einnig aukin færni í að lesa í **tilfinningar sínar og annarra**. Börnin öðlast skilning á að ritað mál og tákni hafi merkingu og að þau njóti þess að hlusta á og semja sögur og ljóð.



Í Andabæ notum við námsefnið **Lubbi finnur málbein** og erum einnig með **vináttuverkefni** Barnaheilla sem og **sjö venjur til árangurs** til að börnin læri samskipti og læsi á stafi og tákni. Í kringum Dag íslenskrar tungu hefur skapast sú hefð í Andabæ að börnin læra ákveðin ljóð, sögu eða þulu og nemendum í 1. og 2. bekk í Hvanneyrardeild GBF er boðið í heimsókn að hlýða á flutninginn. Þau bjóða okkur einnig upp á ljóðaflutning eða söng í tilefni dagsins. Þennan veturinn eins og 2020 voru þannig takmarkanir vegna covid-19, að ekki var hægt að bjóða nemendum GBF í heimsókn í staðin lærðu börnin söngva og þulur og vorum við með skemmtun á sal í staðin fyrir leikskólann.

Útskriftarhópur skólans semur leikrit og sýnir á útskriftinni sinni og er það mikil og góð skemmtun. Í ár var leikritið tekið upp og börnin sýndu foreldrum og gestum myndbandið á útskriftinni í salnum. Heppnaðist þetta mjög vel og var vel lukkað. Allt skólaárið voru Lubbakassar notaðir í Lubbastundum. Einnig voru ýmis verkefni unnin út frá Lubba. Lubbi og kassarnir eru mjög sýnilegir og aðgengilegir í skólanum. Lestrarstefna Borgarbyggðar var endurnýjuð vorið 2022 og erum við spennt að máta okkur við nýja stefnu á næsta skólaári. Fulltrúar frá öllum skólum og skólástigum tóku þátt í gerð nýrrar skólastefnu.

Heilbrigði og velferð

Í Andabæ leggjum við áherslu á sköpun, hreyfingu og hollt mataræði. Stór þáttur í útinámi er að taka áhættu og takast á við ögrandi hreyfingu. Leikskólinn er vel staðsettur til að börnin fái að upplifa fjölbreytileikann í náttúrunni.

Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hún hefur í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður. **Allt starf Andabæjar miðar að líkamlegu og andlegu heilbrigði barnanna og velferð þeirra.** Miðað er við að börnin fari út tvisvar á dag hið minnsta. Andabær er Heilsuleikskóli sem og heilsueflandi og hefur það að markmiði að stuðla að hollu mataræði og vellíðan barna. Stuðst er við heilsumatseðla frá skólar.is sem og markmiðum Lýðheilsustöðvar og reynt effir fremsta megni að vinna allan mat frá grunni.



Í Andabæ stuðlum við að **heilbrigði og vellíðan** barnanna með því að byggja upp jákvæða sjálfsmynd þeirra og gott sjálfstraust ásamt því að efla með þeim góð samskipti og félagsleg tengsl. Við notum sjö venjur til árangurs og einnig vináttuverkefni Barnaheilla til að stuðla að þessum þáttum. Jákvæð sjálfsmynd eflist við það að takast á við verkefni við hæfi og sjálfstraust eykst við það að barnið getur lokið við verkefni sín. Í leikskólanum stunda börnin **fjölbreytta hreyfingu** og útivist á hverjum degi. Skipulögð hreyfistund er einu sinni í viku (stundum oftari) fyrir öll börn og eru þá nokkur börn saman í hóp. Stutt er í fallega náttúru og kletta við leikskólann og er mikið um göngutúra. Reynt er að fara út tvisvar á dag allan ársins hring. **Í hádeginu** skammta börnin sér sjálf (þegar ekki er covid-19 heimsfaraldur), effir aldri en þó með aðstoð starfsfólks. Börnin eru hvött til að smakka á því sem boðið er upp á enda um almennan heimilismat að ræða s.s. fisk, kjöt, pasta, súpur og grænmeti. Kennarar borða með börnunum og áhersla er lögð á að þau læri snemma góða borðsiði. Börnin aðstoða við að leggja á borð, skammta sér sjálf á diskana, nota hníf og gaffal, hella sjálf í glasið sitt, aðstoða hvert annað og ganga frá eftir sig að því marki sem geta þeirra og þroski leyfir. **Í hvíld** er lögð áhersla á að allir geti hvílt sig vel. Yngstu börnin sofna en fyrir þau eldri eru lesnar sögur eða þeim leyft að hlusta

á sögur eða tónlist. Allir hafa afmarkað pláss, teppi og kotta. Elsti hópurinn gerir skólahópsverkefni í hvíldinni. Í Andabæ leggja allir starfmenn sig fram í að skapa heimilislegt andrúmsloft þar sem **öllum líður vel**.

Sjálfbærni og vísindi

Andabær er **Graenfánaleikskóli** og er því þessi málaflokkur gert hátt undir höfði í Andabæ. Leikskólinn hefur verið í verkefninu síðan 2005. Leikskólabörn eru mjög áhugasöm um umhverfi sitt. Þau **rannsaka** með því að **horfa, hlusta, bragða, snerta, handleika, flokka, bera saman og draga ályktanir**. Börn eru fróðleiksfús og er það leikskólans að styðja við það með því að fylgjast með og hlusta eftir því hvað börnin eru að fást við. Því er mikilvægt að kynna fyrir þeim nýjar hugmyndir og efnivið svo hugmyndaflugið fái að njóta sín. Í Andabæ eru umhverfismennt og sjálfbær þróun hluti af markmiðum skólans. Mikilvægt er að kenna börnum að **bera virðingu fyrir umhverfinu sínu og náttúru**. Við leggjum áherslu á uppgötvunarnám og gefum börnum kost á fjölbreytni í leik og námi. Skilningur, gagnrýn hugsun, ferli og hringrás náttúrunnar eru grundvöllur þess að vinna eftir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Þannig eflum við skilning barnsins á samspili umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar.

Markmið Andabæjar með umhverfismennt er:

- Að njóta náttúrunnar í leik og kennslu
- Að ganga um náttúru okkar af virðingu
- Að flokka úrgang og pappír (endurnýta)
- Að endurnýta ýmsan efnivið í leik og skapandi starfi

Umhverfismennt: Í Andabæ fara börn og starfsfólk reglulega í **gönguferðir** t.d. til að tína ber og skoða ýmislegt sem náttúran hefur upp á að bjóða. Umhverfismenntun Andabæjar samtvinnast við **endurvinnslu og umhyggju fyrir umhverfi** okkar sem felst m.a. í flokkun og endurnýtingu.



Sjálfbærni tengist fjölmörgum menningarlegum, félagslegum og efnahagslegum þáttum og er unnið með hana þvert á allt starf leikskólans.

Hugmyndir um sjálfbærni í verki má finna í innkaupum leikskólans, vali á þeim efnivið sem nýttur er í sköpun og leik með börnum, umhverfismennt, endurvinnslu,

jafningjafraeðslu starfsfólks og fleiru. Við sáum fræjum á vorin og fylgjumst með þeim þroskast og stundum fáum við góðar plöntur sem gaman er að smakka.

Í Andabæ notum við **Könnunarleikinn** sem er aðferð sem á mjög vel við yngstu deildir leikskóla. Leikurinn er hluti af sjálfbærni og vísindum. Þar verða börnin að litlum vísindamönnum. Könnunarleikurinn fer þannig fram að safnað hefur verið saman í körfur alls konar “verðlausum” hlutum. Þetta eru hlutir eins og keðjur, lyklar, dósir og lok

Leikskólinn Andabær hefur tekið á móti Grænfánanum 8 sinnum. Við höfum reglulega verið með skiptifata markað þar sem foreldrar og börn geta komið með fót sem hefur hætt að þjóna tilgangi sínum í fjölskyldunni og aðrir geta notað en í ár höfðum við engan slíkan markað vegna covid-19. Við höfum verið að vinna að markmiðum næsta árs og erum farin að nota fjölnota þvottaklúta. Þá tekur hvert barn einn klút til að þurrka sér eftir handþvott og setur hann þvottanet sem fer svo í þvottavélina. Kemur þetta í stað handþurrku og handklæðis. Einnig að innleiða barnasáttmálann og einbeita okkur að hnattrænu jafnréttir.

Sköpun og menning

Sköpun er að **uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafli og**

leika sér með ýmsa möguleika. Skapandi starf felur í sér ferli, **gleði, tjáningu og sjálfsprottið nám** sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá notið sín. Sköpun fléttast inn í alla grunnþætti leikskólans þar sem börnin fá notið fjölbreytileika og áskoranna til frekari þroska. Sköpunargleði barnanna nýtur sín í leik með opinn efnivið, t.d. **einingakubba, holukubba og alls kyns**



verðlausan efnivið í könnunarleik, þar sem lausnirnar eru ekki gefnar fyrirfram. Þess vegna mistekst engu barni, heldur eflist útsjónarsemi og gleðin við að gera tilraunir þar sem það fær tíma og rými til að prófa aftur og aftur. Undrun er þáttur í skapandi hugsun og í leiknum rannsaka börnin möguleika út frá mörgum sjónarhornum. Lögð er áhersla á lærdómssamfélagið þar sem við lærum hvert af öðru og enginn einn veit eina rétta svarið. Skapandi starf beinist fyrst og fremst að ferlinu sjálfu, gleðinni, hamingjunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín.

ÁRSSKÝRSLA ANDABÆJAR 2021-2022

Í Andabæ er unnið með **opinn efnivið, endurvinnanlega hluti, tilraunir, frjálsa tjáningu og leik.**

Við höldum áfram með verkefnið þar sem fókusinn er á valdeflingu barna og börnin búa til jólagjafir fyrir foreldra hvert á sínum forsendum. Að þessu sinni var prufað að bús til listaskála í einu herberginu á Hulduheimum þar sem öllum efnivið skólans var safnað saman og gerður aðgengilegur fyrir nemendur. Hvert og eitt barn fékk að hanna sína jólagjöf eftir sínu höfði og voru starfsmenn deilda einungis til aðstoðar. Starfsmenn héldu til haga viðtölum við börnin og mynduðu ferlið sem fór svo í ferilbók sem fylgdi gjöfinni. Tókst þetta vel.

Börnin kynnast ýmsum **sögum, söngvum, þulum og ævintýrum** frá mismunandi tímum og löndum. Listakrökur er á hverri deild og er greiður aðgangur að fönðurefni fyrir börnin. Mikið er unnið með kubba á deildum. Kubbar bjóða upp á ýmsar útfærslur á útkomu.

Innra starf

Starfsáætlun

Í starfsáætlun skólans voru helstu áhersluatriði: útinám og útivera, innleiðing réttindaskóla UNICEF og að tengja öll þau verkefni sem við erum að vinna að saman til að auðvelda okkur verkefni.

Innleiðing réttindaskóla UNICEF hefur farið vel af stað og sat ákveðinn hópur starfsmanna námskeið hjá UNICEF til að leiða verkefnið. Allir starfsmenn hafa einnig setið net námskeið á vegum UNICEF um verkefnið. Almenn ánægja er með verkefnið þar sem það tekur á mörgum þáttum sem við erum þegar að vinna með. Mettaður er að tvinna öll þau verkefni samana til að auðvelda starfsmönnum starfið.

Deildastjórar og sérkennslustjóri skrifa sína skýrslu eftir veturinn, um það starf sem þeir hafa lagt áherslu á um veturinn.

Skýrsla sérkennslustjóra

Stoðþjónusta í leikskólum byggir á lögum nr.90/ 2008 21. og 22.gr um leikskóla og reglugerða þar að lútandi. Börn sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun eiga rétt á henni í leikskólanum undir handleiðslu sérfræðinga.

Einstaklingsnámskrár og markmið fyrir hvert barn eru ákveðin eftir þörfum í samráði við foreldra á reglulegum fundum. Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 21. og 22. gr. eiga börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun að mati viðurkenndra greiningaraðila rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans.

Þjónustan fer fram undir handleiðslu sérfræðinga samkvæmt ákvörðun leikskólastjóra og fræðslunefndar Borgarbyggðar í samráði við foreldra. Símenntunaráætlun leikskólans tekur m.a. mið af þörfum varðandi þroskafrávik barna hverju sinni. Þegar barn með sérþarfir fer í grunnskóla skilar leikskólinn skriflega helstu upplýsingum um barnið til grunnskóla auk greininga frá sérfræðingum. Sérkennslustjóri er í 75% starfi og er með BSc í sálfræði og viðbótardiplómu í sálræn áföll og ofbeldi.



Sérkennsla í Andabæ veturinn 2020-2021

Fimmtán börn hafa komið í tíma sérkennslu í vetur. Níu í allan vetur og fimm í styttri tíma. Þau hafa komið 1x -2x í viku í um 30-50 mín í senn. Fyrir fjögur hefur sérkennslan að mestu farið fram inn á deild.

Sérkennsla vetrarins hefur m.a. falið í sér málörvun, samskiptafærni, kvíðastjórnun, tilfinningafærni og almenna þroskaþjálfun/örvun.

Í málörvun var unnið með hljóðamyndanir, athyglisfærni/hlustun, afstöðuhugtök, orðaforða, setningamyndanir, boðskipti, frásagnir og söng.

Í samskiptafærni var unnið með færni til að taka þátt í hóp og samvinnu með öðrum börnum og tilfinningafærni þ.e. að þekkja sínar tilfinningar og tilfinningar annarra.

Í almennri þroskaþjálfun/örvun var t.d. unnið með tölugildi, fínhyrfingar, litina, formin og aðra þætti eins og að klæða sig í og úr útifötum.

Sérkennslustjóri vann með deildunum jafnt og þétt og fylgdi þeim börnum sem komu í sérkenndu eftir inn í daglegt starf út frá einstaklingsnámskrá og tók þátt í deildarfundum og deildarstjórafundum.

Unnið var í því að stuðla að umhverfi skólans væri með sjónrænt skipulag og með tákni með tali táknumyndum. Sett voru fram táknumyndir í fataklefa til að auðvelda börnum að takast á við að klæða sig sjálf í útiföt. Þetta var unnið í tengslum við þá stefnu að skólarnir séu tilbúnir í vinnu án aðgreiningar. Þessu þarf að fylgja eftir með því að yfirfara táknið, passa að þau séu sett aftur upp ef þau losna, endurnýja og bæta við eftir þörfum.

Í vetur þróuðum við áfram kynfræðslu fyrir börnin og þeim kennt að þekkja sína einkastaði og að þá megi engin snerta. Sú vinna mun halda áfram í vetur og er aðlöguð að hverju aldurstigi.

Sérkennslustjóri hitti ráðgjafa skólalþjónustu mánaðarlega, sérkennslustjórafundir voru mánaðarlegir, þeir fóru fram í húnsæði Borgarbyggðar við Bjarnabraut. Sálfræðingur Borgarbyggðar veitti okkur mánaðarlega ráðgjöf klukkutíma í senn, hún nýttist einnig í stuðning fyrir foreldra.

Foreldrastarf var í formi foreldrafunda, símtala og tölvupósta en unnið var jafnt og þétt með foreldrum eftir þörfum bæði í formi ráðgjafar og stuðnings.

Hulduheimar

Árið á Hulduheimum byrjaði með **frekar hefðbundnum hætti** með aðlögun nýrra barna. Í byrjun skólaárs var barnahópurinn sjö samtals og bættust fleiri börn í hópinn þegar líða fór á veturinn og þegar þau voru flest þá voru þau ellefu talsins og fóru síðan aftur fækkandi með vorinu og endaði hópurnir í níu börnum. Líkt og á síðasta skólaári þá voru ennþá einhverjar takmarkanir í samfélaginu vegna Covid 19 sem þurfti að fylgja hér í leikskólanum sem að fór minnkandi þegar smitum í samfélaginu fóru minnkandi þegar líða fór á skólaárið.



Í vinnu með börnum er starfið alltaf í **stöðugri mótun** og því voru gerða nokkrar útfærslur á dagskipulagi deildarinnar til þess að finna hvað hentaði best. Á dagskipulaginu var lagt upp með það að börnin væru að fara amk 1x í viku í vettvangsferð, hreyfistund, kubba, Lubba, myndlist, Vináttustund og

könnunarleik. Á Hulduheimum voru börn á aldrinum 9 mánaða til rúmlega 2 ára og hefur það gengið mjög vel þrátt fyrir mikinn þroskamun á þessum aldurstigum. Til þess að börnin finni sem minnst fyrir þeim þroskamun sem er á þessum aldri leggjum við mikið upp úr því að mæta hverju barni þar sem það er stött í þroska og á þeirra forsendum. Þegar unnið er með svo ung börn er mikilvægt að festa sig ekki of mikið í dagskipulagi og frekar **grípa tækifærið þegar það gefst**. Við erum með alla þá þætti sem taldir eru upp hér að ofan í dagskipulagi en ef börnin eru illa upplögð þá breytum við út af skipulagi og finnum önnur verkefni sem henta börnunum betur í það skiptið.

Í vetur höfum við lagt upp með að það sé opið **á milli deilda tvo daga í viku** á þriðjudögum og föstudögum. Hugmyndafræðin á bak við að hafa opið á milli deilda er að laga starfið að áhuga og áhugaleysi barnanna. Takmarka stýringu og vald og gefa börnunum tækifæri til að stýra og bera ábyrgð. Að börnin fái tækifæri til þess að prófa sig áfram og gera mistök, hvetja þau til sjálfstæðis og að þau geti tekið frumkvæði. Í opið á milli deilda ráða börnin sjálf hvaða viðfangsefni þau velja sér og hversu lengi þau eru á hverjum stað. Börnin geta sótt það leikefni sem þeim hugnast best hverju sinni. Farið var vel yfir hvert hlutverk kennara væri í opið á milli deilda og sett upp skipulag fyrir hverja deild svo að tryggt væri að það væri fjölbreytileiki á viðfangsefnum fyrir börnin að fást við. **Hlutverk kennaranna er að stuðla að leik barna, skipuleggja dagskrá og umhverfi þannig að það stuðli að sjálfræði**. Sjá til þess að börn hafi val að þau hafi tækifæri til þess að skapa. Koma búnaði og leikefni þannig fyrir að börn geti verið sjálfbjarga. Hvetja börnin til þess að finna sér verkefni eftir þeirra áhugasviði og bjóða uppá fjölbreytt leikefni.

Við höfðum afnot af **salnum** einn morgun í viku og notuðum við tímann þar til þess að hreyfa okkur og leika okkur með bolta, hringi og fleiri íþróttatengd leikföng, dansa, syngja, fara í jóga og gera jafnvægisæfingar. Einnig var oft farið í rólegan leik í salnum þegar börnin voru að vakna eftir hvíld eftir hádegði.

Myndlist var á dagskrá einu sinni í viku og tókust börnin á við allskonar verkefni, það var litað með trélitum, tússlitum, málað með allskonar málningu með ýmsum aðferðum hvort sem að það var með pensli, puttum, bílum, boltum, svömpum o.s.frv. , búin voru til listaverk úr verðlausum efnivið og í raun hvað sem okkur datt í hug í sköpun hverju sinni. Einnig var samvinnuverkefni þar sem málað var á pappír sem búið var að setja á gólfið með öllum líkamanum.

Jólagjafirnar á Hulduheimum í ár voru eftir hugmyndum barnanna þar sem að þau fengu að velja efnivið og var frekar verið að einblína á ferlið heldur en útkomuna. Með jólagjöfinni fylgdi með ferillbók með myndum og texta af börnunum vera að vinna að jólagjöfinni. Þetta verkefni tengdist því starfi sem við erum að vinna með í réttindaskólanum að við berum virðingu fyrir skoðunum barna og að þau fá frelsi til að deila hugmyndum sínum.

Mikið var unnið með **skynjunarefnivið** á deildinni þennan veturinn þar sem að við vorum með stóra bakka sem sett var í ýmis efniviður sem að þau gátu notað öll skynfærin við að meðhöndla efniviðinn. Það var t.d. notast við salt, hveiti sem litað var með matarlit, cheerios, mulið niður rice crispies, hrísgrjón o.fl. Börnin gátu setið endalaust við þennan efnivið og notað öll skynfærin ásamt verkfærum við að meðhöndla hann.

Könnunarleikur var á dagskipulagi einu sinni í viku og var gaman að sjá hvernig þroski barnanna efldist yfir veturinn í leik með verðlausan efnivið og hvernig félagsleg samskipti breytast þeirra á milli með auknum þroska.

Útivera er á dagskipulagi tvisvar til þrisvar á dag og reynum við eftir fremsta megni að nýta þær vel og reynum að gæta þess að hvert barn fari að minnsta kosti einu sinni á dag út að leika. Þegar vorar eykst útivera auk þess sem börnin verða eldri og una sér lengur úti í allskonar veðrum. Þegar veðrið er gott reynum við að vera mikið úti og förum þá fast í útiveru kl. 10 og eftir kaffi kl. 15:30 auk þess sem þeim börnum sem eru vöknud eftir síðdegislúrin býðst að fara út kl. 13:30.

Mikið hefur verið lagt upp með að auka við **vettvangsferðir** og að farið sé í slíkar ferðir amk 1x í viku. Í þeim ferðum hefur börnunum stundum verið skipt í tvo hópa eftir aldri og var það gert til þess að bæði börnum og starfsfólki liði sem best og hvert barn gæti notið sín sem best. En yfirleitt fór allur hópurinn í vettvangsferð alla miðvikudaga í vetur og voru þær flestar mjög vel heppnaðar. Börnin voru **gönguferðarleiðtogar** sem að leiddu hópinn áfram og gaman var að fylgjast með þeim komast lengra í hverri gönguferð sem við förum í. Einnig var gaman að fylgjast með hvað þau voru áhugasöm um **náttúruna** og **nærumhverfið**. Hreyfiproskinn efldist mikið hjá hverju og einu barni á tímabilinu.

Við leggjum mikið upp úr því að börnin fái nægan tíma í frjálsum leik. Allur efniviður á deildinni er aðgengilegur og í þeirra hæð svo að þau eiga auðvelt með að velja sér viðfangsefni eftir þeirra áhugasviði. Þetta gefur tækifæri fyrir

starfsfólk til þess að ýta undir félagsþroska, málþroska og hreyfilþroska barnanna. Stór hluti af starfinu snýst um að **veita börnunum öryggi, umhyggju og andlega og líkamlega næringu** og leggjum við því áherslu á að vera alltaf til staðar fyrir börnin, leikum með þeim á gólfinu og tökum þeim alltaf opnum örmum ef þau af einhverjum ástæðum vilja sitja í fanginu hjá okkur eða fá **faðmlag**.

Álfheimar

Barnahópurinn á Álfheimum þetta skólaárið var á aldrinum 2 ára – 4 ára. Skólaárið hófst með ákveðnum takmörkunum vegna Covid 19, t.d. máttu foreldrar ekki koma inn í leikskólann á tímabili. En þegar leið á veturinn og Covid-19 var á undanhaldi komst leikskólastarfið aftur í fyrra horf. Þrátt fyrir þær takmarkanir sem voru í gildi fyrir hluta skólaársins 2021-2022 reyndum við eftir bestu getu að hafa skólastarfið innan húss sem eðlilegast svo að börnin yrðu ekki fyrir miklum áhrifum.



Fyrri hluta skólaárs vorum við ekki með fastar **samverustundir** eftir kaffitíma því öll börn fóru út eftir kaffitíma. Í stað þess að vera með fastar samverustundir reyndum við að nýta tækifærið og taka **litla hópa** í smá samveru þar sem lögð var áhersla á **málörvun, Vináttuverkefnið, Leiðtogan í mér, söng** og fleira. Einnig voru alltaf söngstundir fyrir hádegismat.

Skólaárið byrjaði á því að starfsfólk varð að vera **sveigjanlegt** og tilbúið að breyta út af hefðbundnu dagskipulagi þó það væri alltaf notað til viðmiðunar, en þegar leið á skólaárið komst allt í fastar skorður og fórum við að vera með samverustundir eftir kaffitíma og almennt vinna meira eftir dagskipulagi.

Fastir punktar í starfinu voru þeir að einu sinni í viku fór hvert barn í **könnunarleik, hreyfistund** og **kubbastund**. Framan af vetri var **listasmiðja** fastur punktur í dagskipulagi en við breyttum út af því þegar allur leikskólinn ákvað að hafa „opið á milli deilda“ tvisvar í viku í stað einu sinni í viku. Þá gátu börnin farið á milli deilda og oftast en ekki var listasmiðja í boði á einhverri deildinni og gátu þá þau börn sem höfðu áhuga farið þangað.

Við reynum eftir fremsta megni að **nýta leik barnanna til málörvunar** auk þess sem við nýtum tækifærið sem skapast í matartímum, fataklefa og þegar börnin

vinna borðverkefni til þess að spjalla við þau og þannig þróa og efla málproska þeirra.

Verkefnin sem við fórum í með börnunum í **Leiðtogann í mér**, voru sögur sem voru lesnar, sagðar loðtöflusögur og ræddar tilfinningar og hvernig við komum fram við náungann. Leiðtogaumræður voru síðan ávallt hafðar í umræðunni til þess að auka hæfni okkar í mannlegum samskiptum og til að lesa í umhverfið.

Í **Vináttuverkefninu** fær hvert barn sinn bangsa og síðan fylgir heil taska með spjöldum, sögum og verkefnum og einnig æfingum til þess að læra um samskipti og virðingu. Einnig eru svokallaðar klípusögur til að fara yfir ýmsar aðstæður sem geta komið upp bæði fyrir börn og fullorðna. Vináttuverkefnið byggir á spjöldum með myndum af einhverri tiltekinni hegðun sem þarf að ræða og komast að niðurstöðu um hvað má og hvað má ekki í samskiptum við aðra. Aftan á vináttuspjöldunum eru svo spurningar til að aðstoða starfsfólk í umræðu um verkefnið. Vináttuverkefnið er mjög **gott fræðslufni** sem sett er fram á skilmerkilegan og auðveldan máta og fléttast skemmtilega saman með leiðtogaverkefninu og grænfánastarfinu.

Í **Lubba** höfum við lesið upp úr bókinni um Lubba fyrir börnin þar sem við erum að leggja áherslu á **málhljóðin**. Við erum með bæði lítin og stóran Lubbabangsa inni á deildinni sem er með okkur í Lubbastundum og börnin fá að meðhöndla og passa á meðan á stundinni stendur. Hann á sinn eigin hundakofa á deildinni og börnin hafa einnig aðgang að honum í frjálsum leik. Mikil vinna hefur verið lögð á að auðga starfið í kringum Lubba og var sett saman hópur af starfsfólki í teymi sem að hefur unnið að því að bæta við efnivið fyrir Lubbastundir. **Lubbabein** voru útbúin fyrir hverja deild sem að hafa viðeigandi málhljóð til að hafa með í þessum stundum sem að börnin fá að meðhöndla á meðan á þeim standa. Einnig eru til kassar sem að leikskólinn samnýtir þar sem innihalda lottó, hluti, jógaæfingar og fleira sem að tengist hverju málhljóði. Ásamt því höfum við á hverri deild útbúin **Lubbabakpoka** sem að hver deild getur tekið með sér í gönguferðir sem hefur að geyma bókina, Lubbabangsa, liti, blöð og plastdúk. Einnig höfum við nýtt annað efni sem að tengist Lubba eins og spilin og hlustað á og sungið löggin. Framan á deildinni er hús þar sem hvet barn á sitt Lubbabein og getur snúið því þegar það kemur og fer í leikskólann, á beininu er **málhljóð barnsins**, mynd af barninu á annarri hliðinni og á hinni hliðinni er nafn barnsins.

ÁRSSKÝRSLA ANDABÆJAR 2021-2022

Við **matarborðin** á hvert barn sitt sæti og eru þau merkt með Lubbabeini, á því er mynd af barninu, þeirra málhjóð og samsvarandi tákn. Á borðunum eru einnig grunnlitirnir sem nýttir eru til þess að kenna börnunum litina og tákn úr sögunni um Bínu Bálreiðu sem nýtt eru til þess að kenna krökkunum að sitja kyrr, hafa hljóð, skiptast á o.fl. allt eftir því hvað á við.

Við höfum haft aðgang að **Kubbaheberginu** einu sinni til í viku og hefur það verið mjög vinsælt hjá börnunum. Þar inni hafa verið **Holukubbar, Einingarkubbar, búningar, minni trékubbar** af ýmsum stærðum og gerðum, **lego kubbar og dublo kubbar**. Þar inni skapast mjög skemmtilegur hlutverkaleikur hjá börnunum þar sem þau klæða sig í búninga og byggja úr holukubbunum rennibrautir, hús, verslanir, svo að fátt eitt sé nefnt. Kubbarnir reyna mikið á **samvinnu** því þeir eru stórir og reyna á líkamlega getu þeirra ásamt jafnvægi þegar þau eru að ganga ofan á þeim og klifra. Aðáunarvert er að fylgjast með samvinnu og leikgleði barnanna í holukubbunum. Einingakubbar hafa einnig verið staðsettir inni á deildinni sem nýtast vel til **stærðfræðikennslu** og byggingu ýmissa listaverka. Þessa kubba ætlum við að stefna á að leggja meiri áherslu á og finna til viðeigandi leikefni með þeim eins og efnisbúta og minni teningakubba sem nýta má með.

Könnunarleikur hefur verið fastur liður einu sinni í viku þar sem við skiptum börnunum niður í minni hópa og leikum með endurnýtanlegt efni og leyfum hugmyndafluginu að njóta sín, þessi efniviður er í anda **Grænfánans** og **endurnýtingar**. Börnin leika sér á sínum forsendum og með öðrum, þar sem starfsfólk er á hliðarlínunni og grípur ekki inn í leik barnanna nema brýna nauðsyn beri til.

Við höfum haft aðgang að **salnum** einu sinni til í viku og er hann nýttur vel til skipulagðra æfinga og frjáls leiks. Leikskólinn á möppu sem er full af æfingum til að nýta í sal og einnig gerum við æfingar eftir hugmyndaflugi starfsfólks og barna.

Einnig er mikil áhersla lögð á **útiveru** þar sem börnin fá útrás fyrir hreyfifærni sína. Við förum alltaf út tvisvar til þrisvar sinnum á dag og núna þegar líða fór á vorið förum við oftast að fara út þrisvar sinnum á dag. Látum veðrið mjög sjaldan stoppa okkur og klæðum okkur frekar eftir veðurfari. Við förum í göngutúra einu sinni í viku í fallega **nærumhverfi** okkar og eftir að hlýna fór í lofti þá grípum við hvert tækfæri til þess að fara í gönguferðir og drekka kaffitímamann utandyra.

Eftir áramót tókum við upp á því að hafa **opið á milli deilda** á þriðjudögum og föstudögum í stað einungis föstudaga áður. Þetta er mjög vinsælt og bíða börnin spennt eftir þessum dögum. Hver deild er þá með eitt „þema verkefni“ í hverri viku, t.d. myndlist, stærðfræði, vísindi o.s.frv. og er þá stöð á hverri deild þar sem eitthvað tengt þema viðkomandi deildar er í boði. Þetta fyrirkomulag brýtur upp mynstur hefðbundins leikskóladags og eykur **samstarf innan leikskólans**.

Goðheimar

Í vetur voru 22 börn á Goðheimum og 3 kennarar að staðaldri. Aðeins var um mannbreytingar um og eftir áramót en það leystist allt farsælega. Áfram héldum við með svipaðar áherslur og hefur verið.

Blær, grænfáninn og leiðtogaverkefnið voru á sínum stað þar sem börnin fengu að minnstakosti eina stund í hvoru á viku. Við tókum upp **leiðtogahlutverkin** aftur og völdu börn sér leiðtogahlutverk á tveggja vikna fresti í allan vetur. Þetta vakti mikla lukku í hópnum og tóku börnin hlutverkum sínum mjög alvarlega. Fréttir bárust svo frá foreldrum að börnin voru



farin að skipa í leiðtogahlutverk heima hjá sér með góðum árangri. Einnig vorum við með **þjónaleiðtoga** í allan vetur sem hjálpaði til við að ná í ávexti, leggja á borð og sækja matinn. Einnig sögðu þjónaleiðtogarnir hinum börnunum hvað væri í matinn og reyndum við að nota þá tákn með tali með.

Lubbi var á sínum stað og fengu öll börn á deildinni að jafnaði eina stund á viku þar sem unnið var markvisst með Lubba. Skólahópurinn setti málhjóðin upp á vegg og settu orð sem byrjuðu á því málhjóði í kring. Þetta kveikti mikinn áhuga og varð til þess að yngri börnin voru farin að hjálpa til og alltaf að bætast við ný og ný orð í kringum hljóðin.

Jólagjafirnar voru gerðar aftur eins og árið áður. Þar sem börnin fengu sjálf að ráða hvað þau gáfu foreldrum sínum. Ferlibók fylgir hverri gjöf þar sem ferlið er skráð í máli og myndum. Þetta heppnaðist mjög vel. Og er mikil ánægja með þetta fyrirkomulag.

ÁRSSKÝRSLA ANDABÆJAR 2021-2022

Við erum alltaf að reyna að bæta okkur í því að **hlusta á raddir barnanna** og ákváðum við að þessu sinni fyrir **foreldraviðtölin** núna í vor að búa til lista þar sem börnin fengu að segja sína skoðun á þáttum í starfinu. Skólahópurinn fékk svo að vera með í foreldraviðtalin þar sem við ræddum niðurstöðu blaðsins. Okkur fannst þetta koma nokkuð vel út og voru börnin sérstaklega spennt fyrir þessu. Þegar við vorum búin að fara yfir blaðið og skólahópsbörnin búin að koma því frá sér sem þau vildu í foreldraviðtalinu þá fóru þau inn á deild og kennari og foreldrar kláruðu viðtalið. Yngri hópurinn fékk líka að fylla út þetta blað en foreldrar þeirra komu með blaðið í foreldraviðtalið.

Skólahópurinn saman stóð af 8 börnum í vetur. Unnið var með allskonar verkefni. **Numicon kubba, reikningsbækur, ýmis verkefnið** fengin af skolavefurinn.is og verkefni þar sem farið var yfir hvernig við drögum til stafs. Aftur var nýttur tíminn meðan yngri börnin voru í hvíld til að hafa skólahóps vinnu. Og kennararnir rúlluðu viku og viku. Að láta kennarana rúlla var gert til þess að börnin fengju sem fjölbreyttasta námsefnið og þjálfuðust upp í að taka leiðbeiningum fleiri en eins. Þetta hefur kosti og galla að sjálfsögðu og gekk ágætlega. Mjög vel til að byrja með en fjaraði svolítið út.

Töluvert **samstarf** var á **milli leik- og grunnskóla**. Við fórum út í grunnskóla einu sinni til tvisvar sinnum í mánuði. Datt aðeins út á tíma út af veikindum en reyndum að bæta það upp með auknum tíma síðar. Börnin tóku nýjum verkefnum og aðstæðum í grunnskólanum mjög vel. Vorum mikið með þeim í **útikennslu** úti í skjólbeltum sem og á grunnskólalóðinni.

Útskrift elstu barnanna var svo haldin í maí. Fyrir útskriftina héldum við krakkafundi þar sem krakkarnir fengu alfarið að ráða hvernig athöfnin væri. Þau völdu að hafa muffins, rauða hjarta köku og piparkökur í kaffinu. Að sjálfsögðu fengu þau svo að baka piparkökurnar. Leikritið vildu þau gera bíómynd alveg eins og skólahópurinn árið áður. En þau ákváðu að hafa bíómyndina um Rauðhettu og úlfinn en við ævintýrið bættist svo álfur sem átti sinn sess í sögunni. Þetta heppnaðist ótrúlega vel og stóðu börnin sig virkilega vel í öllu ferlinu og var mjög gaman að vinna með þeim. Því þau voru virkilega spennt fyrir þessu. Athöfnin heppnaðist einnig mjög vel og fóru allir saddir og sælir heim að loknum kaffi. Eitt barn gat því miður ekki verið viðstatt útskriftina.

Skólahópurinn fór svo auðvitað í **Vatnskóg** í útskriftarferð, 6 börn fóru og tveir kennarar. Ferðin heppnaðist virkilega vel og voru allir kátir og glaðir. Eignuðumst

fullt af nýjum vinum frá Hnoðrabóli og Klettaborg. Flugurnar voru aðeins að stríða okkur en þetta slapp nú allt til.

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna átti stóran sess í starfinu okkar í vetur. Þar sem við sóttumst eftir að verða Réttindaskóli UNICEF. Þetta felur í sér að samþætta allt okkar starf í anda barnasáttmálans. Við töldum þetta eiga mjög vel við okkar **leiðtoga starf** og hjálpa okkur í að þróa starfið í þá átt sem við viljum. Að **allir hafi rödd** er búið að vera okkar rauði þráður í vetur og er það okkar ósk að það hafi sýnt sig í starfinu eftir veturinn.

Starfið á deildinni í heild einkenndist af mikilli gleði og leik. Með því að flétta saman alla þá þætti sem við stöndum fyrir sem og skólanámskrá Andabæjar náðum við að gera starfið fjölbreytt og skemmtilegt með leikgleðina í fyrirrúmi.

Námsmat

Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við dags daglega og það sem þau hafa áhuga á. Upplýsingarnar eru notaðar til að styðja við nám og velferð barna við skipulagningu starfsins og í samstarfi við foreldra. Þegar fylgst er með þroska, námi og velferð barna er lögð áhersla á **alhliða þroska, sjálfstæði, áhugasvið, þátttaka í leik úti og inni, félagsfærni og samkennd, frumkvæði og sköpunarkraft, tjáningu og samskipti**. Í

Andabæ eru notuð nokkur matstæki og búin eru til skráningar blöð þegar það á við t.d. varðandi hegðun og samskipti. **TRAS** er skráningarkerfi þar sem haldið er utan um skráningu á málþroska barna frá tveggja ára aldri. Efnið var samið í Noregi af sérfræðingum á sviði sérkennslu og talmeinafræði. Listinn miðar að því að fylgjast með málþroska barna í daglegu leikskólastarfi og þannig sé hægt að skipuleggja málörvun fyrir þau börn sem á þurfa að halda. TRAS skráningin tekur til málskilnings, málvitundar, framburðar,



orðaforða, setningamyndunar, félagsfærni, samskipta, einbeitingar og. Deildastjóri heldur utan um skráninguna og fyllir inn í TRAS skráningarblaðið tvisvar sinnum á ári fyrir hvert barn.

Við upphaf leikskólagöngu sinnar fær hvert barn **Heilsubók barnsins** hún er grunnur heilsustefnunnar því hún hjálpar okkur að ná settum markmiðum. Vor og haust eru börnin metin og árangurinn skráður í heilsubókina, og í framhaldi af því fá foreldrar viðtal við kennara, sem skýrir þeim frá stöðu barnsins. Matsaðferðin felst í nákvæmri skráningu á þroska barns og færni, skráð er heilsufar, hæð og þyngd, félagsleg færni, og listsköpun (þróun teikninga o.s.frv.) einnig er líðan barns skoðuð. Skráningin veitir kennurum haldbæran grunn í foreldraviðtölum þar sem farið er yfir niðurstöður. Þessi leið gefur hlutlausu heildarsýn yfir stöðu barns í öllum þroskaþáttum. Heilsubók barnsins er í öllum tilfellum trúnaðarmál og eign barnsins að leikskólagöngu lokinni. Verið er að vinna að rafrænni Heilsubók.

Leiðtogabók barnsins er samtvinnuð Heilsubókinni þar eru sett ýmis verkefni sem börnin hafa gert í leiðtogaverkefninu. Gaman er að sjá framfarir í teikningu og öðru sem þau eru að fást við. Styrkleikar barnanna eru einnig settir í bókina ýmist sem foreldra, starfsfólk eða börnin sjálf skrifa.


Deildarstjóri Goðheima lagði **Hljóm-2** fyrir hóp barna en þetta er staðlað próf sem nær til ákveðins aldurs. Þau börn sem koma út með frekar slaka eða slaka færni fara í sérstakt „málörvunarátak“ og síðan eru börnin prófuð aftur til að kanna hver staða þeirra er eftir þessa vinnu. Ef lítil eða engin framför verður þá er leitað eftir frekari sérfræðiaðstoð.

Mat á starfsemi

Fræðslunefnd fer með málefni leikskóla í Borgarbyggð í umboði sveitarstjórnar og hefur eftirlit með því að starfsemin samræmist lögum, reglugerðum og aðalnámskrá fyrir leikskóla.

Könnun á viðhorfi starfsmanna var gerð af **Skólapúlsinum** í mars 2022 og verða niðurstöður nýttar fyrir úrbótaáætlun 2022–2023 og starfsáætlun næsta skólaárs. Skólapúlsinn er lagður fyrir árlega. Annað hvert ár er lögð spurningakönnun fyrir starfsfólk og annað hvert ár fyrir foreldra. Skólapúlsinn kom vel út og almenn ánægja meðal starfsfólks.

Andabær er **heilsueflandi** skóli og eru notaðir þar tilgerðir gátlistar til að meta hvar skólinn er staddur í ýmsum þáttum. Farið var enn og aftur af stað með **kvartlausu áskorun** sem hlotið hefur fastan sess hjá okkur í Andabæ og notum við hvert tækifæri til að breiða út boðskapinn. Kvartlaus mánuður var í október og mars, starfsfólk fær armbönd til að minna sig á verkefnið og vera meðvitað um orð sín og viðbrögð.



Deildarfundir, starfsmannafundir og starfsdagar hafa verið notaðir til að meta starfið og samræma starfshætti.

Foreldraviðtöl voru tvö á skólaárinu, í nóvember og síðan í apríl, vegna Covi-19 og sóttvarna þá voru nóvemberviðtölin með öðru sniði annað hvort á teams eða í síma. Í apríl viðtölunum gátum við hins vegar boðið foreldrum að koma til okkar í viðtöl. Í þeim viðtölum voru elstубörnin með í viðtalinu ásamt foreldrum og voru þau þá búin að fylla út blað með líðan sinni. Yngjir hópurinn á Goðheimum gerði einnig slíkt blað sem foreldrar komu með í viðtalið. Skráð er í heilsubók barnanna og þroski þeirra og færni metin samkvæmt sérstökum skráningarblöðum. Þessi skráning og samræður við foreldra gefa báðum aðilum góða mynd af stöðu barnsins. Við munum halda áfram að þróa nemendastýrð viðtöl á næsta skólaári.

Starfsmannasamtöl fóru fram í maí. Samtalið byggði á spurningum um líðan í starfi og samskipti ásamt því að starfsmaðurinn átti að meta eigin frammistöðu í nokkrum starfsþáttum (fagmennska, starfshæfni og starfskunnátta, þjónustulund, samskiptahæfni, frumkvæði og samvinna, viðvera). Þá var farið yfir verkefni í undirbúningstíma, endurmenntun/óskir og annað sem starfsmaður eða skólastjóri vildu ræða. Tóku bæði leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastóri viðtölin. Samantekt viðtalanna sýnir mikla ánægju í starfi en það eru ákveðnir álagspunktur sem skólinn þarf að skoða með starfsfólki. Mikið er fjallað um styttingu vinnuvikunnar og hversu mikið álag það hefur valdið.

Leikskólinn gerir **starfsáætlun** fyrir hvert skólaár og er þar fjallað um starfsemi skólans, skóladagatal og ýmsar hagnýtar upplýsingar. Ýmsar áætlanir eru unnar innan leikskólans og eru í sífellari þróun t.d. eineltisáætlun, áfallaáætlun, móttökuáætlun nýrra barna og starfsmanna svo eitthvað sé nefnt.

Deildarnar skiptast á að halda fundi á fimmtudögum og deildastjóra fundur er á föstudögum, skipulagsdagarnir voru 5 yfir skólaárið og starfsmannafundir 4. Á þessum dögum og fundum er farið yfir ýmis verkefni sem verið er að vinna hverju sinni og einnig fræðsla og undirbúningur. Þetta er góður vettvangur að meta starfið hvað gengur vel og hvað má betur fara.

Samstarf leikskóla, grunnskóla og LBHÍ

Í maí 2009 gerðu öll skólastig á Hvanneyri með sér samstarfssamning, leikskóli, grunnskólinn og háskólinn. Þar sem samningurinn var orðinn 10 ára 2019 var hann endurnýjaður og undirritaður 28. Maí 2019. Mikil skerðing var á samstarfi skólana í ár, sérstaklega fyrir áramót og féllu heimsóknir í grunnskólann mikið niður þá. En í febrúar þegar afléttingar komu vegna covid 19 þá fóru heimsóknir aftur í gang. Goðheimar náðu þó að fara með Hvanneyrardeild að sækja jólatré í Skjólbeltunum. Í janúar fórum við með grunnskólanum í álfagöngu í Skjólbeltin þar sem kveikt var í jólatrjánum okkar og sungin þrettándalög. Deildarstjóri elstu deildar sér um að skipuleggja samstarf við Hvanneyrardeild GBF og LBHÍ og setur upp áætlun í byrjun skólaárs. Að vori hittast svo deildarstjóri og kennarar frá grunnskólanum og hafa svokallaða skilafund þar sem börn sem eru að byrja í skóla að hausti eru rædd.



Viðburðir, hátíðir og hefðir

Í leikskólanum hafa með tímanum myndast ákveðnar **hefðir** sem eru mikilvægur hluti af menningu hans. Í hefðum felst öryggi og oftast eitthvað sem gleður hjartað; **það að gera sér dagamun.**

Afmæli barnanna eru stór dagur í lífi þeirra. Þegar barn á afmæli í leikskólanum er íslenski fáninn sýnilegur til hátíðarbrigða því þetta er þeirra dagur. Lagt er upp úr því að afmælisbarnið fái mikla athygli, það fái t.d. að velja tónlist sem við hlustum á, velji bækur í sögustund, barnið velur sér einnig glas og diskamottu með ýmsum myndum til að nota í matmálstímum. Barnið býr sjálf til kórónu sem sett er upp á afmælisdeginum.

ÁRSSKÝRSLA ANDABÆJAR 2021-2022

Sameiginleg afmælissöngstund er haldin einu sinni í mánuði fyrir þau börn sem eiga afmæli í viðkomandi mánuði. Hvert og eitt afmælisbarn er þá kallað upp og fær það kórónu sem er í eigu leikskólans og er afmælissöngurinn sunginn fyrir hvern og einn. Að því loknu eru ávextir borðaðir inni á sal.

Í Andabæ hefur hefð skapast hefð í kringum **dag íslenskrar tungu**, 16. nóvember. Hefðin er að bjóða 1 og 2 bekk í Grunnskóla Borgarfjarðar á Hvanneyri til okkar og halda skemmtun í salnum með ljóðalestri og söng, en vegna covid takmarkanna gátum við það ekki ár.



Á aðventunni baka börnin **smákökur** sem þau hafa boðið foreldrum sínum upp á í **aðventukaffi** sem var ekki í ár. Við útbjuggum **kaffihús** fyrir börn skólans og höfðum huggulega stund með sögum og kökum. Jólabball er haldið í samvinnu við foreldrafélagið þar sem dansað er í kringum jólatré sem börnin sóttu í reit hér á Hvanneyri. Jólasveinar komu í heimsókn. Þetta árið eins og í fyrra voru tveir starfsmenn sem tóku þetta hlutverk að sér þar sem ekki máttu utanaðkomandi koma í skólann. Þennan dag snæða börn og starfsfólk jólamáltíð og eiga **notalega stund saman**.

Á **þorranum** var boðið upp á eina þorramáltíð í hádeginu og var þá framreiddur venjulegur þorramatur ásamt grjónagraut. Börnin voru hvött til að smakka á öllu.

Stelpu og strákadagur eru haldnir í tengslum við bónda og konudag. Þá er dagurinn þeirra og þau gefa hvort öðru gjafir.

Börnin bjuggu til **bolluvendi** og boðið var upp á fiskibollur í hádeginu á bolludag og rjómabollur í nónhressingu. Á sprengidag var hefðbundinn sprengidagsmatur, **saltkjöt og baunir**. Á **öskudag** var grímuball í leikskólanum, allir sem vilja máttu koma í grímubúningi. Hefðin er að við göngum milli fyrirtækja og stofnana á Hvanneyri og syngjum fyrir starfsfólk fyrirtækja á staðnum. Okkur er alltaf vel tekið og allir fá smá fyrir sönginn.

20. maí var **útskriftarathöfn** þar sem 8 börn fengu afhenta möppuna sína og bók sem heitir Tilfinninga Blær í viðurvist foreldra og annarra fjölskyldumeðlima. Börnin sýndu foreldrum sínum leikrit sem þau höfðu samið sjálf en tekið upp að

ÁRSSKÝRSLA ANDABÆJAR 2021-2022

Þessu sinni. Eftir útskriftina var boðið upp á piparköku, rauða hjartaköku og bollakökur, en börnin ákváðu sjálf veitingarnar. Gekk þetta mjög vel.

Foreldrafélagið var með **sumarhátíð** í leikskólanum 24. maí. Hátíðin var haldin klukkan 14:00 á leikskólalóðinni. Tveir hoppukastalar voru settir á lóðina sem vakti mikla lukku. Börn og foreldrar léku sér og fengu svo grillaðar pylsur. Ljósmyndari kom og tók einstaklingsmyndir um vorið og hópmyndir af börnunum þetta var samstarfsverkefni foreldra og foreldrafélagsins. Þetta er reynt að gera annað hvert ár.



Þann 25. maí fóru elstu börnin með rútu í **ævintýraferð í Vatnaskóg** þar sem starfsfólk þar tók á móti barnahópnum. Ferðin var að hluta kostuð af leikskólanum, foreldrafélaginu og foreldrum hvers barns. Hefð hefur skapast fyrir því að útskriftarárgangur úr Hnoðrabóli í Reykholtssdal og Klettaborg í Borgarnesi sláist í för með börnunum héðan og hefur það verið hin besta skemmtun.

3. júní var farið í **gönguferð í fjósið** og fylgst með þegar kúnum er hleypt út í sumarið. Þetta er hefð sem hefur verið nánast frá upphafi skólans. Þess á milli erum við ávallt velkomin í fjósið á Hvanneyri.

Við vorum með **Opið hús / Leiðtogadag** 19. maí milli kl. 8:00 og 11:00 og buðum við foreldrum og íbúum í nærsamfélaginu til okkar til að skoða afrakstur vetrarins. Var gestum boðið upp á kaffi. Frábært að geta skipulagt loksins viðburð fyrir fólkið okkar.

Þegar elstu börnin hefja sinn síðasta vetur í leikskólanum fara þau í svokallaðan „skólahóp“. Á þessum aldri hefur barnið náð mikilli færni í flestum þroskaþáttum. Hugmyndin með skólahópnum er að mæta mismunandi þroskaþáttum barnsins. Unnið var með ýmis skólaverkefni, m.a. Orðagull sem er málörvunarefni sem styrkir vinnsluminni, heyrnræna úrvinnslu, orðaforða og endursögn. Við unnum líka í tveim stærðfræðibókum sem heita Í talnalandi. Ýmis verkefni voru unnin á Ipad sem tengjast t.d. hljóðkerfisvitund. Börnin sem voru 8 hefðu í eðlilegu árferði farið í gunnskólann jafnt og þétt yfir veturinn en féll það mikið til niður. Að þessu sinni fara 5 börn í **Hvanneyrardeild**, 1 barn í **Kleppjárnsreykjadeild** og 2 börn flytja á höfuðborgarsvæðið. Skipulagðar

heimsóknir í Kleppjárnsreykjadeild fyrir þetta eina barn voru tvisvar og í annað skiptið fór hann með skólabílnum.

Blær kemur með viðhöfn á hverju ári til að starta verkefninu á haustin og í ár kom hann óvænt til okkar labbandi.

Hrekkjavaka hefur fest sig í sessi undanfarin ár og þá höfum við skreytt ganginn með ýmsum kynjaverum og ljósum.



Lýðræði/ mannréttindi og jafnrétti

Í daglegu starfi Andabæjar er leitast við að rækta **virðingu barnanna** fyrir öðrum á jafnréttisgrundvelli. Áhersla er lögð á að kennarar og börn fái notið fjölbreytni í mannlífi og menningu þar sem **þekking, víðsýni, jafnrétti og gagnkvæm virðing** einkenni samskipti innan leikskólans.

Farið er í ýmsar **ferðir** og **skoðunarferðir** um nágrenni leikskólans, þá fá börnin aukna tilfinningu fyrir vegalengdum jafnframt því að læra ýmsar hegðunar- og umferðarreglur. Farið er í heimsóknir í fyrirtæki í nærsamfélaginu.

Leikskólastarfið í Andabæ einkennist af jafnréttishugsun og tekur mið af fjölbreyttum barnahóp. Öllum börnum á að líða vel og þau eiga að fá að njóta sín sem einstaklingar. Litið er á fjölbreytileikann sem kost og eiginleikar hvers og eins eru metnir að verðleikum, **leikskólastarfið verður þannig fjölbreyttara og skemmtilegra.**

Börnin koma frá mismunandi stöðum í Borgarbyggð; **Hvanneyri, Reykholtsdal, Lundarreykjadal, Bæjarsveit, Borgarnesi og einnig Skorradal** og er það kostur í fjölbreytileikanum. Í



Andabæ er lögð áhersla á að sérkennsla/ stuðningur fari fram í **daglegu starfi** þar sem barnið lærir mest í gegnum leik og í samstarfi við önnur börn. Hafa ber þó í huga að hvert barn er einstakt og er sérkennsla hagað með **hagsmuni barns að leiðarljósi.** Lögð er áhersla á að finna **styrkleika** hvers og eins með það

að markmiði að efla og styrkja eiginleikana til **sjálfstrausts** og **trúar á eigin getu**. Við notum vináttverkefni Barnaheilla og sjö venjur til árangurs til að hjálpa börnum að tileinka sér þessa eiginleika. Börnin hafa sín leiðtogahlutverk og sinna þeim vel s.s. **Grænfánaleiðtogi, söngleiðtogi, útleiðtogi, vinaleiðtogi**. Þessi leiðtogahlutverk eru vikulega og velja börnin þau sjálf á mánudögum (á Goðheimum). **Lýðræði og mannréttindi** eru mikilvæg í menningu Andabæjar. Tekið er mið af því að börn séu virkir einstaklingar í Lýðræðisþjóðfélagi og að í öllum starfsháttum sé borin virðing fyrir manngildi hvers og eins. Börnin kynnast smátt og smátt því samfélagi sem þau lifa í. Lögð er áhersla á að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Leikskólastarf mótast alltaf að hluta til eftir staðsetningu og umhverfi hvers og eins leikskóla. Markmiðið er að kennarar og börn verði hæf til að takast á við, virða og meta **fjölbreytileikann í samfélaginu**. Það er sérstaklega mikilvægt að styrkja foreldra barna af erlendum uppruna í að viðhalda móðurmálinu um leið og barnið lærir og kynnist íslensku tungumáli, samfélagi, siðum og venjum. Börnin ásamt starfsfólki hafa í vetur raðað niður uppákomudaga á dagatalið okkar og eru ýmsir skemmtilegir dagar búnir að vera hjá okkur til að brjóta upp hin hefðbundna dag s.s. furðufatadagur, bíladagur, dúkkudagur, brosdagur ofl.

Foreldrasamstarf

Góð samvinna foreldra og leikskóla er forsenda fyrir árangursríkri dvöl í leikskólanum og góðri líðan barnsins. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á **gagnkvæmri virðingu og opnum samskiptum**. Miklar takmarkanir voru fyrir áramót og gátu foreldrar ekki komið inn í skólann fyrr en í lok janúar 2022. Börnum var skilað inn í hús við hurð deildanna. Þetta gekk ótrúlega vel en kostaði mikla vinnu að halda samskiptum opnum og góðum. Við komu og brottför barns í og úr leikskóla er mikilvægt að tími gefist til samskipta um líðan barnanna og var þetta því mikil áskorun því ekki var hægt að gefa sér tíma.



ÁRSSKÝRSLA ANDABÆJAR 2021-2022

Deildarstjórar og/eða leikskólakennarar veita foreldrum viðtal tvisvar sinnum á ári og oftast ef þörf krefur. Leikskólakennari upplýsir foreldra um stöðu og líðan barnsins í leikskólanum, hann byggir upplýsingar sínar um barnið á athugunum út frá heilsubók barnsins. Þessi viðtöl voru tekin í nóvember á teams eða í síma og í apríl hér í leikskólanum.

Karellen er innskráningarforrit sem Borgarbyggð notar. Þarna er kjörið tækifæri til að auka foreldrasamstarf. Með þess kerfi fylgir **heimasíða** sem leikskólinn opnaði í janúar 2018 og eru upplýsingar leikskólans nú aðgengilegri til foreldra. Viðmót Karellen til foreldra geymir helstu aðgerðir sem þeir þurfa á að halda til að hafa góða yfirsýn yfir skóladag barnsins og dagskrá skólans. Hægt er að sjá; viðveruskráningar, máltíðarskráningar, svefnskráningar, viðburðardagatal, matseðil, myndasafn, samtal milli heimilis og skóla. Foreldrar geta einnig skráð leyfi eða veikindi barns í gegnum sitt svæði (app eða vefsvæði). Þetta hefur gengið mjög vel og hafa foreldrar duglegir að nota forritið.

Skólastjóri hefur skrifað reglulega fréttapósta til að upplýsingaflæði sé gott einnig hefur hann sent mánaðarlega í tölvupósti venjunnar 7 foreldrum til fróðleiks.

Foreldrafélag/Foreldraráð er starfandi við leikskólann og kosið er ár hvert (skv.11.gr. laga um leikskóla nr.90) vegna smæðar leikskólans er foreldraráð og foreldrafélag samrekið. Verkefni foreldrafélaga eru margvísleg og geta félögin stutt mjög vel við starfið í leikskólanum og því er það hagur hvers leikskóla að hafa öflugt og virkt foreldrafélag. Foreldrar eru hvattir til að taka virkan þátt í starfi foreldrafélagsins. Foreldrafélagið er skipað 3 foreldrum auk þess sem einn fulltrúi leikskólans situr fundi félagsins. Félagið hefur staðið fyrir sumarhátíð fyrir bör og foreldra og einnig keypt jólagjafir fyrir börnins sem afhentar eru á jólaballi. Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn að hausti og valið í nýja stjórn og félagið kynnt fyrir nýjum foreldrum.



Þróunarstarf

Mikil vinna fer í að viðhalda öllu því góða starfi sem unnið hefur verið hér í Andabæ og lítum svo á að verkefnið **leiðtögin í mér** sé okkar stærsta og fyrirferðarmesta þróunar- nýbreytnistarf. Þar sem við höfum unnið með þetta verkefni í nokkur ár finnst okkur þetta verið komið i menningu skólans. Verkefnið er þó alltaf að þróast og er markmiðið að tengja það inn í öll önnur verkefni skólans. Verkefninu hefur verið gefið meira rými með því að lengja þemavinnuna fyrir leiðtogadaginn tókum eina venju í mánuði frá september til maí. Ekki hefur verið tekin venja í desember því þá voru önnur verkefni unnin tengd jólum. Þetta hefur reynst vel og höfum haldið þessu nú í þrjú ár með þessum hætti og munum halda því áfram. Vel hefur gengið að sinna **Heilsueflandi leikskóla**, þemað þetta árið var starfsfólkið og hefur það þjappað hópnum vel saman. Þetta verkefni hefur átt góða samleið með stefnu skólans varðandi heilsu og heilbrigði. Við höldum áfram með kvartlausu verkefnið frá því í fyrra og vorum með kvartlausan október og mars. Starfsandinn verður léttari og fólk meðvitað um sína ábyrgð að eigin hamingju. Þetta verður einskonar þróunarstarf starfsfólks.



Áframhald er á vinnu **vináttuverkefni Barnaheilla**, þar sem unnið hefur verið með verkefnið í nokkur ár þá hefur það fest vel í sessi. Starfsmenn hafa því verið að vinna að því að tengja það við barnasáttmálann og leiðtogaverkefnið. Skipulagðar vináttustundir hafa verið á tveim elstu deildunum einu sinni í viku. Yngstu börnin fá annarskonar innlögn. Verkefnið hefur fléttast inn í allt daglegt starf skólans. Því má með stolti segja að öll börn í Andabæ fá fræðslu um vináttu verkefnið í skólanum. Þetta verkefni hefur fest sig í sessi og telst varla þróunarverkefni lengur.

Réttindaleikskóli Unicef. Við höfum verið að vinna að innleiðingu verkefnisins Réttindaskóli Unicef í vetur. Starfsfólk og börn gerðu verkefni í Barnasáttmálinn í leikskólanum með vissu millibili og hefur það gengið mjög vel hjá okkur og öll verkefni náðust að klára.

Allt starfsfólk leikskólann sat eitt stutt námskeið í **Mío stærðfræðiskimunarverkefninu.** Við ætlum að innleiða það í okkar starf næsta vetur.



Starfspróun

Starfsmannafundir og starfsdagar voru nýttir til starfspróunar, endurmats, undirbúnings og áætlanagerðar.

Starfsmenn skólans sóttu ýmiskonar námskeið og fundi á starfsárinu sem voru ýmist á netinu eða í raunheimum:

- Nemar í skólalabru voru 3 og útskrifuðust þeir á þessu skólaári.
- Sérkennslustjóri sat námskeið á vegum greiningarstöðvar í Apes.
- Lausnateymið sat morgunverðarfund á teams um kynferðisofbeldi gegn börnum, hvað er til ráða?
- Skólastjóri sat teams fund um karellen vefkerfið.
- Skólastjóri sat fund um meðvirkni á vinnustað.
- Leikskólakennarar sátu námskeið um innleiðingu á Réttindaskólanum
- Leikskólastjóri sat nokkra netfundir á vegum Franklin Covey. Leiðtogaþjálfun með Brooke.
- Sérkennslustjóri sat framhalds námskeið í Aeps greiningalistanum.
- Starfsmenn gerðu verkefni í barnasáttmálanum vegna réttindaskóla UNICEF.
- Afmælisráðstefna Grænfánans haldin á teams leikskólakennari sat þá ráðstefnu.
- Deildastjóri elstu deildar og aðstoðarskólastjóri sátu fræðslu um Mío stærðfræðiverkefnið.
- Allir starfsmenn sátu námskeið í Mío stærðfræði verkefni.
- Skólastjóri og öryggisvörður sátu námskeið á vegum vinnueftirlitsins.
- Skyndihjálpanámskeið var fyrir alla starfsmenn.
- Deildastjóri elstudeildar sat námskeiðið Regnboginn.

- Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri sátu námskeið um innramat í leikskólum.
- Fræðsla var fyrir alla starfsmenn um viðverustefnu og starfsmannastefnu Borgarbyggðar.
- Skólastjóri sat námskeið um vellíðan og velgengni í starfi með jákvæða sálfræði og núvitund að leiðarljósi.
- Deildastjóri elstu deildar sat námskeið hjá menntafléttunni Málörvun með sögum og söng.
- Nemi í master í leikskólakennarafræðum var einn sem útskrifaðist vorið 2022.
- Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri sátu ráðstefnu FSL þar sem margir örfyrirlestrar voru.

Vettvangsnemar í Andabæ frá HÍ og HA

Þetta skólaár hefur verið hjá okkur einn nemi frá HÍ á öðru ári í masters námi í leikskólakennarafræðum. Hún er starfandi deildarstóri á yngstu deild leikskólans og útskrifaðist í júní. Þetta hefur gefið skólanum gott tækifæri til að fylgjast með straumum og stefnum í náminu sem og aukið víðsýni starfsfólks. Neminn starfaði í 100% vinnu með náminu. Einnig tókum við á móti fyrsta árs nema í viku vettvangsnám frá HA. Að auki voru þrír starfsmenn útskrifuðust úr leikskólalíðanum frá Borgarholtsskóla á þessu skólaári og voru allir í 100% vinnu með.

Öryggismál

Öryggistrúnaðarmaður leikskólans er Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir og tók hún við af Valdísi Magnúsdóttur í febrúar. Ástríður Guðmundsdóttir og Áslaug Ella Gísladóttir eru öryggisverðir leikskólans.

Vinnueftirlitið tók vinnustaðinn út í desember 2021 en einungis í fjarfundi. Skilað var inn skýrslu til þeirra og einhverjar athugasemdir voru gerðar. Þær verða síðan notaðar til að gera úrbætur á starfsaðstæðum og vinnuumhverfi.

Lóð leikskólans var tekin út af BSÍ sumarið 2021 og eru einhver atrið sem þarf að yfirfara. Þessi úttekt er mikilvæg fyrir endur mat fyrir næsta skólaár. Lóðin er yfirfarin á hverjum morgni og skráð er niður hvað er ábótavant.

ÁRSSKÝRSLA ANDABÆJAR 2021-2022

Heilbrigðiseftirlit kom og tók út vinnustaðin og lóð skólans ekki var mikið um athugasemdir.



Lokaorð

Skólaárið byrjaði vel það fór vel af stað en litaðist síðan örlítið af covid-19 þar sem kom upp hópsmit í Borgarbyggð í nóvember og ákveðið var að taka til hertra aðgerða og var lokað fyrir aðgengi foreldra inn í skólann. Þetta var frekar auðvelt fyrir starfsfólk og foreldra enda höfðu allir gert þetta áður. Aðdáunarvert var að sjá hvað allir tóku þessum breytingum með þolinmæði og jákvæðni. Í janúarlök var hægt að taka á móti foreldrum inn í hús og síðan þá hefur skólahald verið fremur hefðbundið. Gaman er að geta aftur skipulagt viðburði þar sem foreldrar geta komið í heimsókn og sjá hvað það gefur skólustarfinu skemmtilegan blæ. Mikill áhugi var á útinámi í vetur og vilji allra til að taka það verkefni lengra sem tókst mjög vel. Eins og einn kennari orðaði það svo skemmtilega „ ef yngstu börnin geta farið út í öllum veðrum getum við það líka“. Í skólustarfinu er metnaður lagður í að hlusta á raddir barnanna og þegar þau vildu fá að hafa opið á milli deilda oftár í viku var bætt við einum degi til að koma á móts við þau. Farið var þá í það verkefni að gera þessa daga markvissari og hafa deildar skipts á að hafa þemu í hverri viku s.s myndlist, stærðfræði, vísindi o.fl. starfsfólk leggur mikinn metnað í að valdefla börnin á öllum aldir og er aðdáunarvert að sjá það skila sér í auknu sjálfstrausti og gleði barnanna.

Mikil gleði og vinnusemi einkenndi starfsmannahópinn sem er mjög mikilvægt og þakkavert og tel ég að covid ástand hafi jafnvel þjappað hópnum betur saman en ella. Það eru allir boðnir og búnir að láta allt ganga upp og samvinna er mjög sýnileg innan hópsins. Starfsfólk á þakkir skyldar fyrir þeirra jákvæðni og lausnamiðað viðhorf. Einnig eiga foreldrar skilið mikið hrós fyrir þeirra skilning og samstarfsvilja.

Hvanneyri, 8. Ágúst 2022

Ástríður Guðmundsdóttir

Leikskólastjóri

Sími:4337170

www.andabaer.leikskoli.is

ÁRSSKÝRSLA ANDABÆJAR 2021-2022

Starfsáætlun Skólaársins 2021-2022

Skólar í Borgarbyggð, Andabær Hvanneyri 2021-2022		Í Andabæ eru 44 börn skráð í upphafi skólaárs og 16 starfsmenn, stöðuhlutfall 14,88		
Verkefni	Ábyrgð	Áætluð lok	Verki lokið	Endursk. Verki
Almenn verkefni				
Unnið að grænfanamarkmiðum- umsókn um nýjan fana í maí 2022	Helen	maí'22		
Innra mat, Barnið í brennidepli - sjálfsmat í leikskóla/gátlistar heilusk.	Stjómendateymi/starfsfólk	Allt árið		
Öryggi og slysavarnir	Ásta/Valdis	Allt árið		
Skólapúlsinn/starfsmanna hlutinn	Áslaug Ella/Ásta	Mars '22		
Samstarf leik-grunn-háskóla	Starfsfólk	allt árið		
Heimasíðan	Áslaug og Ásta	Allt árið		
Rafræn Heilsubók - hlusta á fyrirlestur og innleiðing	Starfsfólk	jún.'22		
Skólanámskrá endurnýjuð með hljóðljón að nýrri menntast.menntam.og skólast. Borgarb.	Áslaug Ella/Ásta	haust 2022		
Kvartlaus áskorun í október og mars	Allir starfsmenn	okt '21/mars '22		
Nám og kennsla				
Grænfanaleiks kóli-ýmis verkefni-útinám-könnunarleikur	Helen /starfsmenn	Allt árið		
Heilsuleiks kóli-hreyfistundir-næring-listir	Aðalheiður/Starfsmenn	Allt árið		
Leiðtögin í mér-verkefni-leiðtogahlutverk-leiðtogadagur	Ljósberateymi	Allt árið		
TRAS (málþroski skoðaður)/Hljóm	Deildarst./sérkennslustj.	Allt árið/okt.'21		
Vínáttuverkefni Bamaheilla	Allir starfsmenn	Allt árið		
Lubbi finnur málbein	Lubbateymi	Allt árið		
Skólahópur (ýmis verkefni gerð)-samstarf leik. og grunnsk.	Tóta	Lok maí 2022		
Foreldrasamstarf				
Foreldraviðtöl í nóvember og apríl	Stjómendateymi	Nóv.'21/apr.'22		
Opið hús (foreldrum boðið á opið hús í leikskólanum)	Stjómendateymi	maí 2022		
Aðventukaffi (foreldrum boðið í kaffi/kakó á aðventunni)	Stjómendateymi	01.des.'21		
Dagur leikskólans (foreldrum boðið í morgunkaffi þennan dag)	Stjómendateymi	04.feb.'22		
Tilkynningar til foreldra (tölvupóstar, heimasíða og tafla í fataherbergi)	Stjómendateymi	Allt árið		
Foreldrafundur (aðalfundur foreldrafélagsins haldinn í leikskólanum)	Ásta/foreldraráð	okt/nóv.'21		
Nýbreytni og þróunarverkefni				
Leiðtögin í mér-krakkafundir	Ásta/Áslaug	Allt árið		
Grænfaninn viðhalda verkefninu og innleiða ný markmið	Helen	Maí'22		
Heilsuleiks kóli, innleiðing á rafrænni heilsubók	Starfsmenn	Allt árið		
Heilsueflandi leiks kóli-þema ársins er fjölskyldan	Heilsuteymi (Aðalheiður)	Allt árið		
Vínáttuverkefni Bamaheilla- vínáttustundir	Allir starfsmenn skólans	Allt árið		
Lubbi finnur málbein- málörvunarstundir	starfsmenn	Allt árið		
Námskeið fyrir 3-5 starfsmenn í Réttindaskóla UNICEF	3-5 kennarar	23.sept.'21		
Innleiðing á Bamasáttmála sameinuðu þjóðanna	allir starfsmenn	október'22		
Innleiðing á Réttindaskóla UNICEF	3-5 kennarar og stjómenn	2023		
Innleiða útinám í Andabæ og útbúa kennsluefni	Starfsmenn	Allt árið		
Kynfræðsla og kynvitund leikskólabama	Kolbrún og stjómendateymi	Mars '22		